

Dr. Erla Hallsteinsdóttir

Orðtök í tungumálanámi

Efniságrip: Í greininni er fjallað um málvísindalegar rannsóknir tengdar orðtökum í tungumálanámi. Fyrst er gefið stutt almennt yfirlit yfir fræðikenningar sem liggja að baki hagnýtum orðtakarannsóknum. Á grundvelli kenninga um stöðu orðtaka í málkerfi og í málkunnáttu rek ég niðurstöður rannsókna minna (1) á skilningi þekktra og óþekktra orðtaka í þýsku sem erlendu máli, og (2) á tíðni þýskra og íslenskra orðtaka í textum samanborið við þekkingu málnotenda á orðtökum. Að lokum eru möguleg áhrif niðurstaðanna á stöðu og meðhöndlun orðtaka í kennslu erlendra mála rædd.

1. Inngangur

Grein þessi er unnin upp úr fyrirlestri sem fluttur var á ráðstefnu um íslensku sem annað mál / íslensku sem erlent mál á vegum Stofnunar Sigurðar Nordals dagana 17. - 19. ágúst 2006. Þátttaka mín í ráðstefnunni var styrkt með ferðastyrk frá Letterstedtska föreningen.

Í greininni mun ég fjalla um stöðu orðtaka og annarra fastra orðasambanda í tungumálanámi. Fyrst mun ég greina almennt frá rannsóknum á orðtökum, þ. e. grunnatriðum við lýsingu og skilgreiningu orðtaka, stöðu orðtaka í málkerfi og málkunnáttu sem og rannsóknum á merkingu orðtaka. Svo mun ég gefa stutt yfirlit yfir hagnýtar orðtakarannsóknir, þ.e. orðtök í orðabókafræðum, þýðingafraeðum og tungumálakennslu, m.a. með tilliti til vals á orðtökum í grunnorðaforða erlendra mála.

Rannsóknir þær sem greint er frá voru styrktar af Háskólanum í Leipzig, DAAD, Launasjóði fræðiritahöfunda, Rannsóknarsjóði RANNÍS og Minningarsjóði Theodórs Johnsons, Rannsóknanámsjóði RANNÍS.

2. Föst orðasambönd: grunnhugtök og skilgreiningar


Fast orðasamband (þ. *Phraseologismus*, e. *phraseological unit*) er notað hér sem yfirheiti yfir þær einingar í orðasafninu (orðaforðanum) sem eru settar saman úr fleiri en einu orði með eyðu á milli (og mynda þ.a.l. ekki grafíska heild = fleiryrdi). Föst orðasambönd mynda merkingarlega heild sem er ekki jafngild samanlagðri merkingu einstakra orða þeirra. Merking er hér notað í víðri skilgreiningu sem innihald og nær bæði yfir notkunarreglur og hefðbundna merkingu.

Nokkrar helstu tegundir fastra orðasambanda eru (sbr. einnig tegundir orðatiltækja í Jón G. Friðjónsson 1993):

- málshættir: *brennt barn forðast eldinn*,
- orðastæður: *bursta tennurnar, die Zähne putzen*,
- fastar líkingar: *eins og fiskur á þurru landi*,
- samskiptaformúlur (Routineformeln): *Góðan dag, Grüß Gott!*
- orðtök: *vera með lausa skrífu*.


3. Orðtök

Orðtök (þ. *Idiome*) eru íkónísk/myndræn föst orðasambönd (sbr. Farø 2006). Myndrænin veldur því að hægt er að sjá fyrir sér orðréttu merkingu einstakra orða í orðtaki. Þetta er sýnt með eftirfarandi myndum (sbr. Les Idiomatics français-allemand):



Mynd 1 + 2: einen Bären aufbinden & eine Schraube locker haben / vera með lausa skrúfu

Orðtök eru tvíhliða tákn og hafa *táknmynd* og *táknmið* (sbr. Vésteinn Ólason; Kristján Árnason (2005, 2) notar hugtökin *útlit* og *innihald/merking*) eins og sýnt er á mynd 3:



Mynd 3: táknmynd og táknmið í orðtökum

Kenningar Saussures gilda um máltákn, orðtök jafnt og önnur máltákn. Samkvæmt þeim er sambandið á milli táknmyndar (ritímynd/hljóðímynd) og táknmiðs (merking í víðum skilningi, gildi og hlutverk):

- tilviljunarkennt (e. *arbitrariness*),
- án ytri orsaka (enginn eðlisskyldleiki),
- hefðbundið (e. *conventionality*), þ.e. bundið félagslegri venju.

Það er ekkert orsakasambandi milli táknmyndar og táknmiðs, þ.e. milli ytra forms og innihalds/merkingar. Ef orsakasambandi væri fyrir hendi, myndi það verða til þess að sama

form hefði alltaf sömu merkingu óháð tungumáli. Oft á tíðum láta upplýsingar í orðabókum reyndar líta út fyrir að merkingin fylgi forminu:

☒ *bíta í gras* ‘DAUÐI’ (Stóra orðabókin um íslenska málnotkun)

☒ *ins Gras beissen* ‘sterben’ (DUDEN)

☒ *bide i græsset* ‘falde i kampen’/‘falde af hesten’ (ODS på nettet:
<http://ordnet.dk/ods/index.html>)

Samkvæmt orðabókunum er orðtakið jafngilt í þessum þremur málum. Ef litið er nánar á notkun orðtaksins með því að greina textadæmi kemur hins vegar í ljós töluverður munur á merkingu og notkun orðtakanna í málunum. Íslenska orðtakið *bíta í gras* í merkingunni ‘deyja’ er sjaldgæft í íslensku, aðeins fundust þrjú dæmi með því að nota google-leitarvélina (ágúst 2005). Mun algengara er að nota orðtakið *lúta í gras* með merkingunni ‘tapa’. Í þýsku eru báðar merkingar notaðar jöfnum höndum og í dönsku virðist merkingin ‘deyja’ ekki lengur vera notuð, sbr. eftirfarandi dæmi:

bíta í gras ‘láta undan’

☒ *Ég fór yfir t.d. það í umræðum um frumvarpið hvernig Írar urðu að **bíta í gras** í þessum efnum að lokum og breyta ákvæðum landalaga sinna (...).*
(www.althingi.is/altext/116/09/r17225627.shtml)

ins Gras beißen ‘sterben, verlieren, ausscheiden, absteigen, scheitern’ (sbr. Merkingargreiningu í Stathi (2006, 87), eftirfarandi dæmi eru úr Deutscher Wortschatz:

☒ *Denn wenn die Malocher dann endlich wieder mit 35 **ins Gras beißen**, anstatt sich bis 80 durchzujammern, braucht die Regierung auch das Rentenalter nicht mehr weiter hinaufzusetzen.*

☒ *Es gilt, den vorwärtsstürmenden Gegner, natürlich nach allen Regeln der US-Fußballkunst, **ins Gras beißen** zu lassen.*

bide i græsset ‘lide (et) nederlag’ (www.idiomordbogen.dk)

☒ *Med kun en enkelt stemmes forskel måtte regeringen **bide i græsset**, da Folketinget i dag vedtog at tillade kunstig befrugtning af enlige og lesbiske kvinder.*
(www.modkraft.dk/article.php?sid=4093, sbr. Farø 2006, 136)

Samkvæmt niðurstöðum í Farø (2006) má gera ráð fyrir að við nánari skoðun og greiningu á gögnum úr textagrunnum komi í ljós að mörg fleiri orðtök sem álitin hafa verið jafngild – og hugsanlega hafa verið jafnheiti upphaflega – hafi mismunandi merkingu og/eða notkunarreglur í mismunandi tungumálum.

Eins og áður var nefnt mynda föst orðasambönd merkingarlega heild sem er ekki jafngild samanlagðri merkingu einstakra orða þeirra. Þar með er þó ekki útilokað að merking orðtaks hafi upphaflega orðið til út frá merkingu einstakra orða í orðakinu. Þetta og það einkenni orðtaka að einstakir hlutar þess koma fyrir sem sjálfstæð orð með eigin merkingu gerir kleyft að greina ýmis konar tengsl á milli orðtaksmerkingar og orðtakshluta:

- Merkingarmyndun út frá “beinni” merkingu orða í orðtaki er oft möguleg, jafnvel hjá óþekktum orðtökum og í erlendum tungumálum (sbr. Erla Hallsteinsdóttir 2001). Þess konar merkingarmyndun er einstaklingsbundið og sálfræðilegt fyrirbrigði en ekki föst orsakatengsl í málkerfi. Hér er því rétt að tala um mögulega tengslamyndun (þ. *Motivierbarkeit*) í stað fastra tengsla (þ. *Motiviertheit*).
- Ef orðtaksmerking er myndað út frá beinni merkingu er hægt að greina upprunatengsl (orðsif) milli beinnar merkingar einstakra orða og heildarmerkingar orðtaks.
- Afturvirk myndun tengsla milli táknmyndar (merkinga einstakra orða) og táknmiðs (heildarmerkingar) er orðtaka svo til alltaf möguleg ef merking orðtaks er þekkt.

Orðtök eru í eðli sínu margræð. Þau samanstanda af einingum sem sjálfar eru orð/einingar í málkerfinu. Þau hafa þ.a.l. heildstæða orðtaksmerkingu og einnig geta málnotendur myndað merkingu út frá samanalagðri “beinni” merkingu einstakra orða. Margræðnin getur birst á margan hátt í málnotkuninni eins og sýnt er með eftirfarandi dæmum (öll dæmi frá ágúst 2006).

1. Orðtak notað með heildarmerkingu/orðtaksmerkingu:

- ☐ *Ætigarðurinn – handbók grasnytjungsins eftir Hildi Hákonardóttur er komin í nýrri og endurbættri útgáfu. Bókin **hitti beint í mark** og seldist upp í fyrra, enda er um þessar mundir mikill áhugi fyrir ræktun og hollum lífsháttum. (www.salkaforlag.is)*

2. Orðtak notað í samanalagðri “beinni” merkingu einstakra orða:

- ☒ *Æfingunum lauk með því að skotið var af fallbyssunum úti á Faxaflóa (...). Æfingarnar gengu mjög vel og var óvenjulega hátt hlutfall **skota sem hittu beint í mark** þrátt fyrir breytilegt veður og sjólag. (www.lhg.is/displayer.asp?cat_id=4&module_id=220&element_id=425)*
- ☐ *Kristjana tók hornspyrnu, beint á kollinn á Jónu sem **skallaði beint í mark**. Og mínútu síðar bættu Blikar við þriðja markinu. (www.breidablik.is/default.asp?cat_id=2&module_id=220&element_id=31691)*

3. Margræðni við leik að merkingu(m) í málnotkun:

- ☐ *Stjörnuspáin fyrir sunnudaginn er alveg stórkostleg og **hittir beint í mark (eins og skot ítalanna munu gera á morgun!!!)**. (www.irisarblogg.blogspot.com/)*

4. Margræðni við leik að myndum/myndræni í málnotkun:



Mynd 4: www.fuglnefiskur.is

4. Hagnýtar orðtakarannsóknir

Rannsóknir á orðtökum hafa verið í mikilli grósku síðustu áratugi og má nefna að ritaskrá sem unnin hefur verið í verkefninu Kollokationen im Wörterbuch undir stjórn Christiane Fellbaum (<http://kollokationen.bbaw.de>) inniheldur rúmlega 4.400 fræðigreinar og bækur um orðtakarannsóknir. Einnig má nefna að samtökin EUROPHRAS, The European Society of Phraseology (<http://www.euophras.org/index.html>), standa fyrir alþjóðlegum ráðstefnum um orðtakarannsóknir á tveggja ára fresti.

Aðferðafræði og kenningar innan orðtakafraði eru enn í stöðugri þróun. Mikil áhersla hefur verið lögð á orðfræðilega lýsingu einstakra orðtaka og samanburð á orðtökum á milli tungumála. Er þar um að ræða hagnýtar rannsóknir í orðabókafræðum, þýðingafræðum og tungumálakennslu annars vegar (sbr. EPHRAS-verkefnið: <http://www.eophras.org>) og kortlagningu á tilvist orðtaka í ýmsum tungumálum hins vegar (sbr. verkefni Elisabeth Piirainen, Widespread Idioms in Europe and Beyond. A Cross-linguistic and Cross-cultural Research Project: <http://www.piirainen.homepage.t-online.de/>).

Hér verður gerð stutt grein fyrir eigin og völdum öðrum rannsóknum á orðtökum í orðabókagerð, þýðingafræði og kennslufræði tungumála. Margar áhugaverðar greinar um hagnýtar orðtakarannsóknir er að finna í tímaritinu *Linguistik online* 27/2006: Neue theoretische und methodische Ansätze in der Phraseologieforschung. Ritstj. Erla Hallsteinsdóttir og Ken Farø (http://www.linguistik-online.de/27_06/). Það skal undirstrikað að nauðsynlegt er að byggja hagnýtar rannsóknir á orðtökum á traustum orðfræðilegum grunni – sem enn vantar í mörgum tungumálum.

4.1. Orðabókafræði, orðabókagerð og þýðingar

Það liggur í augum uppi að nauðsynlegt er að rannsóknir á orðtökum í orðabókafræði og nýting niðurstaðna við orðabókagerð byggist á grunnrannsóknum og lýsingu á orðtökum í málnotkun og málkerfi. Niðurstöður þannig rannsókna eru enn sjaldséðar. Í verkefninu Kollokationen im Wörterbuch (<http://kollokationen.bbaw.de>, sbr. Fellbaum et al. 2006a og b) hefur verið unnin yfirgripsmikil orðfræðileg lýsing á þýskum orðtökum (sbr. einnig verkefnið elexiko: www.elexiko.de, Steyer/Lauer 2006 og Heine 2006, Wotjak/Heine 2005). Af verkefnum þar sem niðurstöður úr grunnrannsóknum hafa verið nýttar í orðabókarlýsingu má

nefna Ordbogen over Faste Vendinger (www.idiomordbogen.dk) í dönsku (sbr. Almind et al. 2006 og Farø 2004) og orðabækur Jóns Hilmars Jónssonar í íslensku.

Ef lítið er á rannsóknir á orðtökum í samanburðarmálvísindum og tvímála orðabókum kemur í ljós að þrátt fyrir fjöldan allan af fræðilegum greinum er sjaldan um fullnægjandi orðabókarlýsingu eða eiginlegan samanburð á merkingu og notkun í orðabókum að ræða. Í flestum tilfellum eru orðtök í einu máli skýrð með orðtaki sem álitíð er jafngilt í öðru máli – og þetta virðist oft ákvarðast út frá formi, ekki merkingu eða notkun – og hinn eiginlegi samanburður er látinn orðabókanotendum sjálfum eftir. Í rannsóknaverkefni um þýsk og íslensk orðtök voru aðferðafræði og mögulegar leiðir til að bæta orðabókafræðilegan samanburð á orðtökum í orðabókum fyrir tungumálanemendur rannsakaðar og þær eru m.a. ræddar í nokkrum greinum mínum þar sem finna má ýtarlega ritaskrá (sbr. Erla Hallsteinsdóttir 2005, 2006a, 2006b, 2006c, í prentun a og b, sbr. einnig Leroy 2006).

Hin sterka áhersla á form orðtaka hefur einnig verið ríkjandi í þýðingafræði og og við þýðingar á orðtökum. Farø (2006) telur það “Dogma” hafa verið mjög áberandi að það eigi að þýða orðtak með orðtaki – hér ræður formið eitt ferðinni. Það er hins vegar – út frá málvísindalegum sjónarhóli – ekkert í eðli orðtaka sem rennir stoðum undir þessa kenningu. Ef hún væri samkvæm sjálfri sér þá ætti einnig að þýða nafnorð með nafnorði, forsetningu með forsetningu o.s.frv. Þýðingar einkennast af því að endanlegt val á máleiningu fer alltaf fram í textasamhengi hvers texta fyrir sig og hér er æskilegt að merking (táknmið í víðum skilningi; gildi, hlutverk, tíðni, o.s.frv.) sé ráðandi, ekki formið. Gerð er grein fyrir mögulegum aðferðum við þýðingar á orðtökum í Erla Hallsteinsdóttir (1997) og Farø (2006) gerir mjög ýtarlega grein fyrir kenningum um þýðingar á orðtökum.

4.2. Kennslufræði og orðtök í tungumálakennslu

Innan orðtakafræði hefur meðhöndlun orðtaka í tungumálakennslu og aðferðafræði við gerð kennsluefnis verið rædd ýtarlega síðustu ár (sbr. t.d. Eismann 1995, Ettinger 1989, 1989 og 1998, Hessky 1997 og 1999, Jesenšek 2006 og í prentun, Koller 1987, Kühn 1992, 1993 og 1994, Lüger 2004, Šajánková 2005 og margir fleiri). Þrátt fyrir ýtarlega fræðilega umræðu er enn lítið til af kennsluefni sem byggir á fræðilegum grunni og einnig hafa aðeins fáar rannsóknir verið gerðar á kunnáttu nemenda, þ. e. enn er ósvarað spurningum eins og

- Hvað vita nemendur um orðtök?
- Hvað þurfa nemendur að fá að vita um orðtök?
- Hvaða orðtök á að læra?
- Hvar og hvernig finnur maður þau orðtök sem á að læra?

Í doktorsverkefni mínu rannsakaði ég aðferðir málnotenda við skilning á orðtökum í þýsku sem erlendu máli (sbr. Erla Hallsteinsdóttir (2001)). Meðal annars kom í ljós að málnotendur nota ákveðnar, greinanlegar aðferðir við skilning á óþekktum orðtökum og að þekking á orðtökum í móðurmáli hefur afgerandi áhrif á skilning og aðferðir við merkingarmyndun í erlendum málum. Samkvæmt þessum niðurstöðum er því mjög mikilvægt að kennsla á orðtökum byggist á samanburði móðurmáls og erlends máls.

Kenningar um orðtök í tungumálakennslu eru mjög samhljóma um að tíðni í textum og þekking málnotenda í móðurmáli séu mikilvægustu viðmið við val á orðtökum fyrir tungumálakennslu. Þrátt fyrir umræðu sl. 30 ára var fyrsta úrval orðtaka skv. þessum viðmiðum fyrst birt í Hallsteinsdóttir et al. (2006). Þar er um að ræða orðtök sem teljast til grunnorðaforða og ætluð eru til kennslu í þýsku sem erlendu tungumáli. Rannsókuð var tíðni 5.000 orðtaka úr orðabókum fyrir þýsku sem erlent tungumál (orðabækur de Gruyter & Langenscheidt) í textaheildinni Deutscher Wortschatz. Notuð voru leitarform með óbreytanlegum kjarna orðtaks, yfirleitt forsetning + nafnorð eða lýsingarorð + nafnorð, t.d.

[seine] *Schüfchen ins Trockene* [bringen], *einen guten Riecher* [haben] og tíðnikönnunin var gerð í apríl 2002. Textaheildin innihélt þá milljón setningar með 230 milljón textaorðum.

Niðurstöðurnar úr tíðnikönnuninni voru bornar saman við niðurstöður úr rannsókn á þekkingu þýskra málnotenda á 1.179 þýskum orðtökum (doktorsritgerð við Háskólann í Bratislava, sbr. Šajánková 2005). Samanburðurinn byggði á gögnum um 1.112 orðtök í báðum rannsóknum. Af þessum orðtökum reyndust 143 vera vel þekkt orðtök með háa tíðni og þar með teljast hluti af grunnorðaforða þýsku sem erlends tungumáls (hópur AB í töflu 1). Aðrir hópar voru skilgreindir í samræmi við færnistig samevrópska tungumálarammans (færnistigin á íslensku t.d. www.linguanet-europa.org/plus/is/home.jsp), sbr. Hallsteinsdóttir et al. (2006).

Tíðni og þekking málnotenda	tíðni í textagrunni	þekking málnotenda í móðurmáli
mikil þekking og há tíðni	A fleiri en 500 dæmi	B 76-101 nota orðtakið
meðal þekking og -tíðni	C 101-500 dæmi	D 51-75 nota orðtakið
lítil þekking og lág tíðni	E 0-100 dæmi	F 0-50 nota orðtakið

Tafla 1: niðurröðun orðtaka eftir tíðni og þekkingu málnotenda.

Niðurstöður rannsóknar Šajánková (2005) voru notaðar til að velja þýsk orðtök í kennsluefnið EPHRAS (www.ephras.org) sem er fjölmála orðabók og kennsluefni með þýskum, slóvenskum, ungverskum og slóvakískum orðtökum.

Ein af niðurstöðunum úr samanburðinum er að þau orðtök sem hafa háa tíðni í textum eru einnig málnotendum vel þekkt. Þetta þýðir að ekki er nauðsynlegt að kanna þekkingu málnotenda á orðtökum í ritmáli. Öðru máli gegnir hins vegar um þau orðtök sem aðallega eru notuð í talmáli og oft hafa lága tíðni í ritmáli. Nauðsynlegt er að kanna þekkingu málnotenda á þessum orðtökum til þess að hægt sé að meta hvort og á hvaða stigi skal kenna þau.

Leitarform þýsku orðtakanna hafa verið lemmuð í textaheildinni Deutscher Wortschatz og birtast þau sem undirflettur (tenglar við dæmi) við einstök orð orðtaks. Í textaheildinni Íslenskur Orðasjóður er verið að vinna að samsvarandi tíðnirannsóknum á tæplega 9.000 íslenskum orðtökum, m.a. úr Íslenskri orðabók. Ég mun ljúka greininni með því að greina stuttlega frá þessum rannsóknum.

5. Orðtök í Íslenskum Orðasjóði

Nýjustu orðtakarannsóknir byggja á greiningu á orðtökum í málnotkun þar sem notuð eru gögn úr textagrunnum. Sem dæmi um textagrunna sem notaðir hafa verið í þannig rannsóknum má nefna Deutscher Wortschatz (<http://www.wortschatz.uni-leipzig.de>) í þýsku og Íslenskan Orðasjóð (http://wortschatz.uni-leipzig.de/ws_ice/) í íslensku. Báðir textagrunnarnir voru unnir við tölvunarfræðideild Háskólans í Leipzig.

Íslenskur Orðasjóður

Leitarorð:

Textagrunnur: ☐ greina á milli lítils og stórs stafs í byrjun orðs

Orð valin af handahófi:

verður þar sem þeirra ekkert einnig

Mynd 5: Íslenskur Orðasjóður

Íslenskur Orðasjóður er byggður á gögnum úr skyldusöfnun íslenskra vefsíða sem unnin var af Landsbókasafni Íslands - Háskólabókasafni haustið 2005. Söfnunin samanstóð af vefsíðum af .islénum og innihéldu frumgögnin um hálfan milljarð orða og orðmynda. Eftir gagnavinnslu, þar sem m.a. voru fjarlægðir textar á erlendum málum, eru um 250 milljónir íslenskra orða og orðmynda í textagrunninum (sbr. Hallsteinsdóttir 2007, Hallsteinsdóttir et al. 2007). Málöggnin í textagrunninum hafa verið greind sjálfvirkir með aðferðafræði sem þróuð var við uppbyggingu Deutscher Wortschatz og gögnin eru birt í íslensku notendaumhverfi.

Við lemmun og greiningu orðtaka og orðasambanda var stuðst við lista með tæplega 9.000 íslenskum orðasamböndum. Að auki voru orðasambönd greind sjálfvirkir út frá tíðni sem “orð með eyðu”. Eftirfarandi dæmi úr Íslenskum Orðasjóði sýna upplýsingar um orðmyndina *ref* (sbr. mynd 6, 7 og 8):

orðmynd: *ref*

tíðni: 692

tíðniflokkur: 14 (þ.e. 101 kemur 2^{14} oftast fyrir en þessi orðmynd)

dæmi:

Kaflinn um loðdýr - *ref* og *mink* - er ítarlegastur; þar rekur höfundur í stórum dráttum samskipti sauðfjárbænda við erkióvininn, *refinn*, sem gjarna vildi gæða sér á kindakjöti og sýndi ótrúlegan dugnað í þá veru.

Genera Morborum eftir Carl von Linné í viðauka 10. bindis Nosologie Méthodique eftir Sauvages, sjá *ref.* 4.

Skaut hann mörgum gömlum ræktunarköllum *ref* fyrir rass með árangri sínum.

fleiri dæmi

orð með háa tíðni sem nágrammar *ref*:

rass (2513.34), *mink* (1833.67), *Mikka* (1162.99), *klifurmús* (446.43), *skaut* (401.97), *Lilla* (388.17), *skjóta* (368.9), *fyrir* (321.86), *veiðar* (321.19), *skotið* (263.25), *friðlandinu* (260), *Hornströndum* (213.45), *veiða* (142.25), *skýtur* (135.13), *grenjavinnslu* (130.7), *Hálsaskógi* (129.88), *Rebba* (115.09), *skutu* (108.5), *á* (105.69), *veiðum* (101.02), *og* (98.79), *Veiðar* (96.61), *Dýrin* (94.09), *Skaut* (91.07), *refa* (87.11), *gæs* (80.85), *rjúpu* (78.62), *eyðingu* (74.38), *fálka* (68.32), *refur* (68.07), *endur* (65.59), *Gullu* (60.4), *vargfugli* (57.19), *Chilebúar* (56.58), *sjá* (56.44), *landbúnaði* (55.59), *svín* (53.94), *hálsaskógi* (52.31), *vargi* (52.14), *sáum* (51.98), *mikka* (49.8), *skjóti* (49.08), *tilraunaveiðar* (48.73), *stopw* (47.66), *skotlauna* (47.66), *refinn* (46.68), *Severe* (45.33), *Eyðing* (45.2), *yrðling* (44.87), *refaveiðar* (44.78), *starfsbræðrum* (44.51), *Klifurmús* (42.07), *Línu* (41.45), *páfagauka* (41.32), *Baktus* (41.28), *Karius* (41.15), *hræddur* (40.27), *minka* (39.93), *málveiðar* (39.92), *Torimandanum* (39.92), *blóðsugubananum* (39.92), *Vembill/Vingull* (39.92), *refir* (39.38), *fjölgun* (39.2), *Lilli* (38.05), *hann* (37.6), *dýrin* (37.57), *sínum* (37.42), *keppinautum* (37.07), *tillögur* (36.89), *scrimm* (36.27), *sako24322250* (36.1), *Hrafnfjarðarbotni* (36.1), *fiskeldisgeiranum* (36.1), *jarðræktarnefndar* (35.57), *umhverfisráðherra* (35.34), *Minkur* (35.2), *skotinn* (34.83), *rækilega* (34.38), *REFUR* (34.37)

Mynd 6: upplýsingar um tíðni og textaumhverfi orðmyndarinnar “*ref*” í Íslenskum Orðasjóði

orðasambönd sem nágrannar:

ref fyrir rass (3521.33), á svikráðum við (27.13), á hæla (24.61), það hlutverk (17.45), að bráð (13.81), í vaxandi mæli (10.09), enn einu sinni (9.61), skiptir miklu (8.9), orð á (8.68), auga á (8.17), þar sem (7.11), mikið um (7.09)

orð með háa tíðni sem hægri nágrannar ref:


fyrir (1052.34), og (347), Severe (63.1), , (56.03), veiðiárið (38.76), eða (25.03), sem (23.14), Jónas (23.08), bónda (18.88), . (18.32), fjölgar (18.12), fjölgað (15.69), niðri (13.8), verði (12.74), í (9.91), ? (7.24), á (4.5), einn (3.9), en (3.85)

orð með háa tíðni sem vinstri nágrannar ref:

Mikka (1638.53), á (262.14), Rebba (161.82), veiða (93.51), mikka (73.36), skjóta (67.57), rækilega (56.21), af (39.64), Hlæjandi (35.68), Letterman (33.96), gamlan (31.95), keppinautunum (31.81), gamlann (30.44), villtan (29.79), um (29.62), keppinautum (27.58), sjá (26.21), gömlum (25.83), Norðmönnum (25.02), sínum (24.2), og (24.01), Buffy (22.59), vefjum (22.44), hvítan (22.28), fyrir (21.2), öikumönnum (21.19), kynnist (17.58), gamla (16.86), eftir (15.29), honum (14.36), drepa (14.15), slá (13.34), séð (13.04), öllum (12.63), eyða (12.44), Noregi (11.9), Reykjavík (11.2), ætlað (10), einhverjum (9.92), < (8.96), skipti (8.89), þeim (8.02), einn (7.97), á eftir (7.57), Um (5.17), orðið (4.97), ; (4.32), öðrum (4.16)

Mynd 7: tíðni “nágranna” orðmyndarinnar “ref” í Íslenskum Orðasjóði

Graph v. 1.5 für ref



nákvæmari mynd

Mynd 8: merkingarnet fyrir orðmyndina “ref” í Íslenskum Orðasjóði

Lemmun orðasambanda í *Íslenskum Orðasjóði* og tíðnigreining þeirra er einungis fyrsta skrefið í orðfræðilegri lýsingu, nánari úrvinnsla og greining er nauðsynleg til að geta nýtt upplýsingarnar. Gögnin eru öllum aðgengileg til rannsókna og við gerð orðabóka og kennsluefnis. Skortur virðist vera á kennsluefni, sem gerir málnotendum fært að nota orðtök á réttan hátt, bæði í íslensku sem erlendu tungumáli og í móðurmálskennslu í íslensku og lýk ég greinninni á tveimur dæmum úr fréttatímum RÚV 13. ágúst 2006 því til sönnunar:

- ☒ ... er **vatnaskil** í sögu Hólastaðar ...
- ☒ ... vita hvernig **landslagið** liggur ...

6. Ritaskrá

- Almind, Richard/Bergenholtz, Henning/Vrang, Vibeke. 2006. „Theoretical and Computational Solutions for Phraseological Lexicography“. Í: *Linguistik-online* 27/2/06, 159-181.
www.linguistik-online.de/27_06/almind_et_al.pdf
- Bergenholtz, Henning/Vrang, Vibeke. 2007. *Ordbogen over Faste Vendinger*. Aarhus.
www.idiomordbogen.dk
- Biemann, Chris/Erla Hallsteinsdóttir/Quasthoff, Uwe/Richter, Matthias. 2006. „Exploiting the Leipzig Corpora Collection“. Í: *IS-LTC 2006*. Fifth Slovenian and First International Language Technologies Conference 9.-10. oktober 2006 í Ljubljana. <http://wortschatz.uni-leipzig.de/~cbiemann/pub/2006/RichterQuasthoffHallsteinsdottirBiemann-ISLTC.pdf>
- Blum, Geneviève/Salas, Nestor. 1989. *Les Idiomatics français-allemand*. Paris.
- Burger, Harald. 1998. *Phraseologie. Eine Einführung am Beispiel des Deutschen*. Berlin.
- Cowie, Anthony P. 2003. „Exploring native-speaker knowledge of phraseology: informant testing or corpus research?“. Í: *Flut von Texten – Vielfalt der Kulturen*. Ritstj. H. Burger, A. Häcki Buhofer og G. Gréciano. Baltmannsweiler, 73-81.
- Eismann, Wolfgang. 1995. „Pragmatik und kulturelle Spezifik als Problem der Äquivalenz von Phraseologismen“. Í: *Von der Einwortmetapher zur Satzmetapher*. Ritstj. Rupprecht S. Baur og Christoph Chlosta. Bochum, 95-119.
- Erla Hallsteinsdóttir. 1997. „Aspekte der Übersetzung von Phraseologismen am Beispiel Isländisch - Deutsch“. Í: *Translationsdidaktik: Grundfragen der Übersetzungswissenschaft*. Ritstj. Eberhard Fleischmann, Wladimir Kutz og Peter A. Schmitt. Tübingen, 561 - 569.
- Erla Hallsteinsdóttir. 1999. „Indizien der Phraseologizität. Erkennen und Verstehen von fremdsprachlichen Phraseologismen am Beispiel Deutsch als Fremdsprache“. Í: *Deutsch als Fremdsprache* 2/1999, 93-97.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2000. „Áhrif móðurmáls á skilning orðtaka í þýsku sem erlendu tungumáli“. Í: *Vefrit Hugvísindafinga*. www.hugvis.hi.is/saekja/hugvisindathing-handrit.pdf
- Erla Hallsteinsdóttir. 2001. *Das Verstehen idiomatischer Phraseologismen in der Fremdsprache Deutsch*. Hamburg (=Philologia - Sprachwissenschaftliche Forschungsergebnisse; Bd. 49).
http://www.verlagdrkovac.de/0435_volltext.htm
- Erla Hallsteinsdóttir. 2002. „Das Verstehen unbekannter Phraseologismen in der Fremdsprache Deutsch“. Í: *Wer A sagt, muß auch B sägen. Beiträge zur Phraseologie und Sprichwortforschung aus dem Westfälischen Arbeitskreis*. Ritstj. Dietrich Hartmann og Jan Wirrer. Baltmannsweiler, 161-176.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2003. „Das Verstehen idiomatischer Phraseologismen in der Fremdsprache Deutsch“. Í: *Flut von Texten – Vielfalt der Kulturen. Ascona 2001 zur Methodologie und Kulturspezifik der Phraseologie*. Ritstj. Harald Burger, Annelies Häcki Buhofer og Gertrud Gréciano. Baltmannsweiler, 357-367.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2005. „Vom Wörterbuch zum Text zum Lexikon“. Í: *Zwischen Lexikon und Text – lexikalische, stilistische und textlinguistische Aspekte*. Ritstj. Ulla Fix, Gotthard Lerchner, Marianne Schröder og Hans Wellmann. Leipzig: Verlag der Sächsischen Akademie der Wissenschaften zu Leipzig, 325-337.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2006a. „Phraseographie“. Í: *HERMES Journal of Language and Communication Studies* (36), 91-128.

- Erla Hallsteinsdóttir. 2006b. „Multilingval elektronisk idiomordbog“. Í: *Konferencerapporten fra den 8. Konference om Leksikografi i Norden*. Ritstj. Lars Trap-Jensen og Henrik Lorentzen, 169-177.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2006c. „Konzeption und Erstellung einer computergestützten zweisprachigen Phraseologiesammlung Isländisch – Deutsch“. Í: *Phraseology in Motion. Proceedings of Europhras Basel 2004*. Ritstj. Annelies Häcki Buhofer og Harald Burger. Baltmannsweiler, Schneider Verlag, 211-222.
- Erla Hallsteinsdóttir. 2007. „Íslenskur Orðasjóður“. Í: *Orð og tunga* 9, 2007, 113-128.
- Erla Hallsteinsdóttir. Í prentun, a. „Zweisprachige Lernerphraseographie aus funktionaler Sicht“. Í: *Studien zur Phraseologie aus lexikografischer Sicht. Theorie und Praxis der Erstellung von idiomatischen Wörterbüchern*. Ritstj. Carmen Mellado Blanco.
- Erla Hallsteinsdóttir. Í prentun, b. „A bilingual electronic dictionary of idioms“. Í: *Dictionaries, Lexicographical Options and User Needs. Selected Papers from the 12th International Symposium on Lexicography*. Ritstj. Henrik Gottlieb og Jens Erik Mogensen. Amsterdam: John Benjamins.
- Erla Hallsteinsdóttir/Eckart, Thomas/Biemann, Chris/Quasthoff, Uwe/Richter, Matthias. 2007. Íslenskur Orðasjóður - Building a Large Icelandic Corpus. Veggspjald á NODALIDA 2007 í Tartu, Estlandi, 25.-26. Maí 2007. <http://wortschatz.uni-leipzig.de/~cbiemann/pub/2007/IcelandicNODALIDA07.pdf>
- Erla Hallsteinsdóttir/Farø, Ken. 2006. „Neue theoretische und methodische Ansätze in der Phraseologieforschung: Einleitung zum Themenheft“. Í: *Linguistik online* 27, 2/06, 3-10. www.linguistik-online.de/27_06/einleitung.pdf.
- Erla Hallsteinsdóttir/Šajánková, Monika/Quasthoff, Uwe. 2006. „Phraseologisches Optimum für Deutsch als Fremdsprache. Ein Vorschlag auf der Basis von Frequenz- und Geläufigkeitsuntersuchungen“. Í: *Linguistik-online* 27, 119-138. www.linguistik-online.de/27_06/hallsteinsdottir_et_al.pdf.
- Ettinger, Stefan. 1988. „Kehrt der Sprachunterricht wieder um? Die Übersetzung im schulischen und universitären Fremdsprachenunterricht der letzten Jahre“. Í: *Fremdsprachen lehren und lernen* 17, 11-27.
- Ettinger, Stefan. 1989. „Soll man im Fremdsprachenunterricht übersetzen?“ Í: *Übersetzungswissenschaft und Fremdsprachenunterricht: Neue Beiträge zu einem alten Thema*. Ritstj. Frank G. Königs. München, 199-213.
- Ettinger, Stefan. 1998. „Einige Überlegungen zur Phraseodidaktik“. Í: *EUROPHRAS* 95. Ritstj. Wolfgang Eismann. Bochum, 201-217.
- Farø, Ken. 2004. „Idiomer på nettet: Den danske idiomordbog og fraseografien (<http://www.idiomordbogen.dk>)“. Í: *HERMES Journal of Language and Communication Studies* 32, 201-235.
- Farø, Ken. 2006: *Idiomatizität – Ikonizität – Arbitrarität. Beitrag zu einer funktionalistischen Theorie der Idiomäquivalenz*. Kaupmannahöfn [Doktorsritgerð við Kaupmannahafnarháskóla].
- Fellbaum, Christiane/Koerner, Fabian/Neumann, Gerald. 2006b. „Corpus-Based studies of German idioms and light verbs“. Í: *International Journal of Lexicography*, Vol. 19 No. 4, 349-360.

- Fellbaum, Christiane/Kramer, Undine/Neumann, Gerald. 2006a. „Korpusbasierte lexikografische Erfassung und linguistische Analyse deutscher Idiome“. Í: *Phraseology in Motion* I. Ritstj. Annelies Häcki Buhofer og Harald Burger. Baltmannsweiler, 43-56.
- Heine, Antje. 2006. „Ansätze zur Darstellung nicht- und schwach idiomatischer verbnominaler Wortverbindungen in der zweisprachigen (Lerner-)Lexikografie Deutsch-Finnisch (Beschreibung eines Forschungsvorhabens)“. Í: *Linguistik-online* 27/2/06, 149-157. www.linguistik-online.de/27_06/heine.pdf
- Hessky, Regina. 1997. „Einige Fragen der Vermittlung von Phraseologie im Unterricht Deutsch als Fremdsprache“. Í: *Wortbildung und Phraseologie*. Ritstj. R. Wimmer og F.-J. Berens. Tübingen, 245-261.
- Hessky, Regina. 1999. „Phraseologie: Vermittlungsinstanz zwischen Sprachsystem und Sprachverwendung“. Í: *Phraseme und typisierte Rede*. Ritstj. Nicole Fernandez Bravo, Irmtraud Behr og Clai Rozier. Tübingen, 233-241.
- Íslenskur orðasjóður. http://wortschatz.uni-leipzig.de/ws_ice/index.php
- Jesenšek, Vida. 2006. „Phraseologie und Fremdsprachenlernen. Zur Problematik einer angemessenen phraseodidaktischen Umsetzung“. Í: *Linguistik-online* 27/2/06, 137-147. www.linguistik-online.de/27_06/jerensek.pdf
- Jesenšek, Vida. Í prentun. „Zum Problem der Äquivalenz in mehrsprachigen phraseologischen Wörterbüchern“. Í: *Phraseology in Motion* II. Ritstj. Annelies Häcki Buhofer og Harald Burger. Baltmannsweiler.
- Jón G. Friðjónsson. 1993. *Mergur Málsins – Íslensk orðatiltæki, uppruni, saga og notkun*. Reykjavík.
- Jón Hilmar Jónsson. 1998. „Glíman við orðasamböndin“. Í: *Orð og tunga* 4, 17-24.
- Jón Hilmar Jónsson. 2001. „Staða orðasambanda í orðabókarlýsingu“. Í: *Orð og tunga* 5, 61-86.
- Koller, Werner. 1987. „Überlegungen zu einem Phraseologie-Wörterbuch für Fremdsprachenunterricht und Übersetzungspraxis“. Í: *Aktuelle Probleme der Phraseologie*. Ritstj. Harald Burger og Robert Zett. Bern, 109-120.
- Kristján Árnason. 2005. *Íslensk tunga 1: Hljóð*. Reykjavík.
- Kühn, Peter. 1992. „Phraseodidaktik. Entwicklungen, Probleme und Überlegungen für den Muttersprachenunterricht und den Unterricht Deutsch als Fremdsprache“. Í: *Fremdsprachen lehren und lernen* 21, 169-186.
- Kühn, Peter. 1993. „Aus dem Bilderbuch der deutschen Sprache. Die verkürzte Betrachtung der Phraseologismen in Sprachbüchern – Bestandsaufnahme und Perspektiven“. Í: *Der Deutschunterricht* 6, 58-77.
- Kühn, Peter. 1994. „Pragmatische Phraseologie: Konsequenzen für die Phraseographie und Phraseodidaktik“. Í: *EUROPHRAS 92: Tendenzen der Phraseologieforschung*. Ritstj. Barbara Sandig. Bochum, 411-428.
- Leroyer, Patrick. 2006. „Dealing with phraseology in business dictionaries: focus on dictionary functions – not phrases“. Í: *Linguistik-online* 27/2/06, 183-194. www.linguistik-online.de/27_06/leroyer.pdf
- Lüger, Heinz-Helmut. 2004. „Idiomatische Kompetenz – ein realistisches Lernziel? Thesen zur Phraseodidaktik“. Í: *Beiträge zur Fremdsprachenvermittlung*, Sonderheft 7, 121-169.

- Šajánková, Monika. 2005. *Gebrauch, Erwerb und Verständnis von Phraseologismen*. Bratislava [Doktorsritgerð við Háskólann í Bratislava].
- Stathi, Ekaterini. 2006. „Korpusbasierte Analyse der Semantik von Idiomen“. Í: *Linguistik online* 27, 2/06, 75-91.
- Steyer, Kathrin/Lauer, Meike. 2006. „Elektronische Mehrwortartikel. Korpusgesteuerte Erarbeitung, Artikelstruktur und Online-Präsentation“. Í: *Wortverbindungen online*, www.elexiko.de
- Vésteinn Ólason. án ártals. „Formgerðarstefna og táknfræði. Nokkur hugtök“. www.kistan.is/efni.asp?n=446&f=3&u=5: Kistugrein nr. 446
- Wotjak, Barbara. 1992. *Verbale Phraseolexeme in System und Text*. Tübingen.
- Wotjak, Barbara/Heine, Antje. 2005. „Zur Abgrenzung und Beschreibung verbnominaler Wortverbindungen (Wortidiome, Funktionsverbgefüge, Kollokationen)“. Í: *Deutsch als Fremdsprache* 3, 143-153.